



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2019

R19010151

310-1

Borgarráð

Hönnunarmiðstöð Íslands - aukið framlag

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita Hönnunarmiðstöð Íslands viðbótar stuðning upp á 3,6 m.kr. á þessu ári, sem greiðist af kostnaðarstaðnum 09205 ófyrirséð inn á kostnaðarstaðinn 03108, en fyrirbyggjandi samningur Reykjavíkurborgar við Hönnunarmiðstöðina um leigu á Aðalstræti 2 rennur út í árslok 2019. Samhliða viðbótarstuðningi er mælt til þess að Hönnunarmiðstöð Íslands nýti árið 2019 til að ráða fram úr húsnæðismálum sínum. Viðauki vegna tillögunar verður lagður fram til að staðfestingar í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá Hönnunarmiðstöð Íslands, dags. 20.01.2019.


Umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 28.01.2019.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, 4. júní 2019.

Jafnréttiskimun, dags. 4. júní 2019.

21. jan. 2019

Bréfalykill: 310 - 1



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Reykjavík 20. janúar 2019

Hönnunarmiðstöð Íslands í Aðalstræti 2

– samningur Reykjavíkurborgar og Hönnunarmiðstöðvar Íslands um Aðalstræti 2

Hönnunarmiðstöð Íslands og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning 1. september 2016 til þriggja ára (2017-2019) um að borgin framleigi til Hönnunarmiðstöðvar húsnæði í Aðalstræti 2 sem Reykjavíkurborg hafði fram að því leigt fyrir Höfuðborgarstofu og upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Markmið samstarfsins

er að efla íslenska hönnun og arkitektúr og grundvöll þessara greina til atvinnusköpunar í borginni auk þess að vekja áhuga og auka skilning borgarbúa og gesta Reykjavíkur á mikilvægi greinanna. Hönnunarmiðstöð kynnir íslenska hönnun og arkitektúr jafnt innanlands sem utan. Þá muni hún með starfsemi sinni í húsinu efla ímynd skapandi miðborgar og styrkja stöðu hönnunar í hjarta Reykjavíkur með því að

- 1.1. reka upplýsinga- og kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs opin fyrir gesti og gangandi.
- 1.2. leigja út rými til einstaklinga eða fyrirtækja sem styður við starfsemina eftir þörfum.
- 1.3. sjá til þess að vönduð verslun með íslenska hönnun verði rekin á jarðhæðinni.
- 1.4. standa fyrir viðburðum og uppákomum í tengibyggingu.
- 1.5. reka vefi á íslensku og ensku með upplýsingum um hönnunarverslanir og annað tengt hönnun.
- 1.6. vinna með Höfuðborgarstofu að alþjóðlegri kynningu á Reykjavík sem áhugaverðri hönnunarborg.
- 1.7. halda móttökur, námskeið, kynningar og viðburði í tengibyggingu.
- 1.8. reka verkefni HönnunarMars / Hönnunarverðlaun / Hönnunarsjóð / HA – tímarit í húsinu.
- 1.9. gera samninga við aðila um minni sýningar og kynningar sem geta farið fram í húsinu.
- 1.10. tryggja að í húsinu sé líflæg og áhugaverð starfsemi til gagns og gleði fyrir fagfólk og almenning.

Framkvæmd

Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 sl. tvö ár hefur gengið ágætlega. Gott og öruggt húsnæði rekur styrkari stoðum og tryggir samfellu í starfseminni. Tekist hefur að uppfylla ofangreind markmið að að vissu marki en ákveðnar hindranir og anmarkar á húsnæðinu, sem ekki voru ljósar í upphafi, hafa valdið því að Hönnunarmiðstöð hefur ekki enn náð því flugi í húsinu sem stefnt er að.

Ágætlega hefur gengið að leigja út út rými, en það hefur tekið lengri tíma en ætlað var að ná jafnvægi og stöðugleika í útleigu, sem hefur valdið fjárhagslegum erfiðleikum. Það er einnig stórt verkefni að efla ásýnd og stemningu í kring um hús þegar aðrir leigjendur og eigandi húsnæðisins eru ekki endilega með í för. Þar að auki er svæðið í kring um húsið nokkuð erfitt viðureignar með ofgnótt misfagurra auglýsingaskilta og nokkuð hávaðasömum veitingahúsum.

Helstu áskoranir

- þungt í vöfum og dýrt að gera breytingar og lagfæringar á húsnæðinu
- erfitt að finna leigjendur í sum rýmin m.a. rishæð sem er stór, óheppilega innréttuð og þarfnast endurnýjunar
- tengibyggingu á milli húsanna hefur ekki verið vel við haldið og breytingar sem aðrir leigjendur hafa gert valda því að það er meiri áskorun að skapa líf í rýmið en vonir stóðu til.

Erindi

Eftir nokkurn óvissutíma eru að nást betri samningar við stjórnvöld um rekstur Hönnunarmiðstöðvar og með auknum stuðningi frá Reykjavíkurborg þá sjá stjórnendur Hönnunarmiðstöðvar fram á að miðstöðin muni ná að blómstra í Aðalstræti 2 og geti stigið skrefið til fulls við að uppfylla markmið og innihald samningsins.

Þess vegna leita stjórnendur Hönnunarmiðstöðvar vinsamlega liðsinnis borgarráðs Reykjavíkurborgar um að

- a. hækka stuðning borgarinnar vegna leigu um 300 þús. kr. á mánuði

Virðingarfyllst,

f.h stjórnar Hönnunarmiðstöðvar



Halla Helgadóttir,
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar



Reykjavík 28. janúar 2019

Umsögn um ósk Hönnunarmiðstöðvar Íslands um aukinn fjárhagslegan stuðning á árinu til að standa undir leigukostnaði við aðstöðuna í Aðalstræti 2 í Reykjavík

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar dagsettu 22. janúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn menningar- og ferðamálasviðs um erindi Hönnunarmiðstöðvar Íslands frá 20. janúar 2019. Í erindinu leitar Hönnunarmiðstöðin eftir liðsinni borgarráðs um að hækka stuðning vegna leigu um 300.000 kr. á mánuði, út þetta ár.

Reykjavíkurborg leigir húsnæðið í Aðalstræti 2 af Reitum ehf. og rennur núgildandi samningur út í lok janúar 2022. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Áður var skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs, Höfuðborgarstofu, auk Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík til húsa í Aðalstræti 2 en sumarið 2016 hófust flutningar þeirrar starfsemi yfir í Ráðhúsið. Um sama leyti var gengið frá samkomulagi um framleigu hluta húsnæðisins til Hönnunarmiðstöðvar til ársloka 2019. Samkvæmt þeim samningi greiðir Hönnunarmiðstöð Reykjavíkurborg þá leigu sem leigusamningur um húsnæðið kveður á um á hverjum tíma, og hljóðar áætluð leiga upp á tæpar 1,7 mkr. á mánuði á þessu ári.

Samhliða var gerður samstarfssamningur um stuðning Reykjavíkurborgar við rekstur Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 til ársloka 2019 með það að meginmarkmiði að styðja við íslenska hönnun og arkitektúr og þátt þeirra í atvinnusköpun, styrkja stöðu og sýnileika hönnunar og skapandi greina í hjarta Reykjavíkur og efla um leið ímynd miðborgarinnar sem miðstöð menningar og lista. Samkvæmt samstarfssamningnum leggur Reykjavíkurborg Hönnunarmiðstöð til í beinum fjárframlögum 6 mkr. á þessu ár, en í fyrra nam upp upphæðin 6,6 mkr. og árið 2017 nam upphæðin 7,2 mkr.

Í samstarfssamningnum er miðað við að Hönnunarmiðstöðin geti leigt út rými til einstaklinga eða fyrirtækja sem styðja við starfsemina og náð þannig að fjármagna leigu húsnæðisins að fullu. Þannig er jarðhæð til dæmis leigð til verslunar sem selur íslenska og erlenda hönnun, en erfiðlegar hefur gengið að leigja út ris til lengri tíma og tengibyggingu til skamms tíma. Er það rakið til, að sögn framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðar, annmarka húsnæðisins; það henti ekki eins vel og talið var í upphafi til útleigu, til þriðja aðila, líkt og rakið er stuttlega í erindinu til borgarráðs.

Á þeim forsendum biðlar Hönnunarmiðstöðin til borgarráðs um meiri stuðning á þessu ári en ráð var fyrir gert í fyrrgreindum samstarfssamningi, eða sem nemur samtals 3,6 mkr. Verði slíkt samþykkt hljóðar stuðningur borgarinnar við rekstur Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 upp á samtals 9,6 mkr. á þessu ári. Auk þess fær verkefnið HönnunarMars stuðning úr menningarsjóði borgarinnar upp á samtals 11 mkr. á þessu ári en Hönnunarmiðstöð heldur utan um þá hátíð. Því má bæta við að ríkið styrkir einnig rekstur Hönnunarmiðstöðvar um 30 mkr. á ári og hefur sá stuðningur haldist óbreyttur í nokkur ár en þar fyrir utan hefur ríkið síðustu ár sett fjármuni til framkvæmdar hönnunarstefnu og til styrktar umsýslu með Hönnunarsjóði.

Það er mat menningar- og ferðamálasviðs að þótt starfsemi Hönnunarmiðstöðvar hafi á þeim rúnum tveimur árum sem hún hafi verið til húsa í Aðalstræti 2, ekki náð að uppfylla allar væntingar, hafi hún



af fremsta megni náð þeim markmiðum sem að var stefnt og tilgreind eru í fyrrgreindum samstarfssamningi, hvað varðar upplýsingamiðlun um hönnun, viðburðahald og uppákomur í tengibyggingu, móttökur og fræðslu og alþjóðlega kynningu á Reykjavík sem áhugaverða hönnunarborg, auk þess sem Hönnunarmiðstöðin rekur HönnunarMars, og heldur utan um Hönnunarverðlaunin, Hönnunarsjóð og HA-tímaritið. Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar er metnaðarfull og hefur haft mikil áhrif á vitundarvakningu og viðhorfsbreytingu til hönnunar frá því hún var stofnuð árið 2008.

Í ljósi þess sem að ofan greinir sem og því að hik gæti orðið á starfsemi Hönnunarmiðstöðvar þurfi starfsemin að yfirgefa húsnæðið með stuttum fyrirvara og án þess að fundin hafi verið aðstaða til lengri tíma er mælt með því, sé svigrúm til þess, að Hönnunarmiðstöð fái viðbótar fjárframlag til að brúa leigu á árinu. Tíminn verði jafnframt nýttur til að endurmeta stuðning og leigusamning við Hönnunarmiðstöð sem og leigu Reykjavíkurborgar á húsnæðinu í Aðalstræti 2. Það verði gert á vettvangi menningar- og ferðamálasviðs, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs og lagt fyrir borgarráð að því búnu.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs



Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Hönnunarmiðstöð Íslands – aukið framlag

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um beiðni Hönnunarmiðstöðvar Íslands um hækkun á stuðningi borgarinnar um 300 þús. á mánuði vegna leigu á húsnæði þess að Aðalstræti 2 samtals 3.600 þ.kr á árinu 2019.

Vísað er í umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs frá 28. janúar 2019 þar sem forsaga og efnistöð málsins eru reyfðu. Þar er mælt með því að orðið verði við beiðninni til þess að brúa leigu ársins 2019 og kom í veg fyrir að hik verði á starfsemi Hönnunarmiðstöðvarinnar. Tíminn verði nýttur til þess að endurmeta stuðning og leigusamning við Hönnunarmiðstöð sem og leigu Reykjavíkurborgar á húsnæðinu í Aðalstræti 2.

Umsögn:

Hér er um að ræða einskíptis kostnað á árinu 2019 sem ekki fer í ramma MOF. Um tiltölulega lága fjárhæð er að ræða og er fjármagn til á liðnum ófyrirséð til þess að mæta kostnaði. Fjármálaskrifstofa leggur ekki mat á verðmæti þess að styrkja Hönnunarmiðstöðina, en leggur áherslu á mikilvægi þess að stuðningur verði endurmetin í tæka tíð fyrir fjárhagsárið 2020.

Bent er á mikilvægi þess að fjárhagsákvörðun eins og þessi fari í jafnréttisskimun í samræmi við reglur.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	4. 6. 2019
Svið:	Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
Unnið af:	Örnu Schram
Verkefni/tillaga:	Hönnunarmiðstöðin óskar eftir viðbótarstuðningi vegna húsnæðis í Aðalstræti 2.
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	3,6 mkr.
Annað:	Hönnunarmiðstöðin óskaði eftir stuðningi borgarráðs en MOF veitti umsögn.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Forsvarsmaður Hönnunarmiðstöðvarinnar óskaði með bréfi til borgarráðs, dagsettu 20. janúar 2019, eftir auknum fjárhagslegum stuðningi við leigu á húsnæði Hönnunarmiðstöðvarinnar í Aðalstræti 2, RKV. Er miðað við að stuðningurinn, verði hann samþykktur, nái til þessa árs, og að með því fái Hönnunarmiðstöðin svigrúm og meiri tíma til að finna hentugra húsnæði undir starfsemi sína, en í erindi Hönnunarmiðstöðvarinnar kemur m.a. fram að núverandi húsnæði fylgi ýmsar áskoranir sem erfitt hafi reynst að mæta. Núverandi húsnæði er framleigt áfram til Hönnunarmiðstöðvarinnar af Reykjavíkurborg og er í gildi samningur sem kveður á um fjárhagslegan stuðning borgarinnar við rekstur Hönnunarmiðstöðvarinnar sem bundinn er húsnæðinu. Ljóst er að borgin þarf einnig að nýta árið til að vega og meta hvort og þá hvernig hún vilji áfram styðja við rekstur Hönnunarmiðstöðvar.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Nei

Hvaða hópa snertir tillagan?

Alla þá sem hafa hag að því að í miðborginni sé rekin Hönnunarmiðstöð og að komið sé í veg fyrir það að Hönnunarmiðstöðin þurfi í fljótheitum að loka starfsemi í miðbænum með tilheyrandi raski og óvissu, en í samstarfssamningi borgarinnar við Hönnunarmiðstöðina á sínum tíma, var stuðningur borgarinnar rökstuddur með þeim orðum að markmiðið með Hönnunarmiðstöðinni væri að styðja við íslenska hönnun og arkitektúr og að efla sýnileika hönnunar og skapandi greina í hjarta borgarinnar og þar með að styðja við ímynd borgarinnar sem miðstöð menningar og lista. Tillagan snertir þar með fagið sjálft, hönnunina og arkitektúrinn sem og ímynd borgarinnar og þar með þá hópa sem njóta þessara þátta.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan hefur eflaust ekki bein áhrif á stöðu kynjanna eða jaðarsetta hópa. Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar ætti þó að snerta alla hópa, óháð kyni eða öðrum þáttum sem skilgreindir eru sem jaðarþættir. Því fleiri sem njóta því líklegra að þræðir starfseminnar nái víðar út í samfélagið og smiti ólíka hópa.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹

Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.